



Enn betri leikskóli





Ágæti lesandi!

Fyrir réttu ári kynnti ég nýja skólafestu undir kjörorðinu **Enn betri skóli**. Var það gert í því skyni að ýta undir víðtækar umræður um skólamál og fá góðar ábendingar um hvað betur mætti fara við frágang stefnunnar. Þessari viðleitni menntamálaráðuneytisins var vel tekið og með þær undirtektir að leiðarljósi kynni ég nú megindrætti nýrrar leikskólafestu undir heitinu **Enn betri leikskóli**. Rit þetta er sent til leikskóla, grunnskóla og öllum foreldrum barna á aldrinum 0 til 5 ára til kynningar.

Aðalnámskrár fyrir hvert skólastig, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, leggja grunn að markvissu og árangursríku skólastarfi. Nýjar aðalnámskrár, samdar í anda hinnar nýju skólafestu, verða

Björn Gunnarsson



Samfelld skólaganga við hæfi hvers og eins

Enn betri skóli er kjörorð nýrrar skólafestnu sem mótuð hefur verið á vegum menntamála-ráðherra og tekur hún til leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Námskrár þessara þriggja skólastiga hafa verið endurskoðaðar til að ná markmiðum nýrrar skólafestnu. Sameiginleg endurskoðun tryggir eðlilegt samhengi á milli náms í leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar og samfellda stígandi frá upphafi leikskólagöngu til námsloka í framhaldsskóla.

Í nýjum aðalnámskrám er komið til móts við ólíkar þarfir nemenda með sveigjanlegu skólakerfi og fjölbreytilegum kennsluáferðum. Allir eiga jafnan rétt til náms sem felst í því að nemendum er boðið nám og kennsla við hæfi og þeim gefið tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Í þessu felast ekki endilega sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Verkefnin skulu höfða jafnt til drengja sem stúlkna, nemenda úr dreifbýli og þéttbýli, fatlaðra og ófatlaðra.



Fyrsta skólastigið – grunnurinn lagður



Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Hann hefur því nokkra sérstöðu. Fyrstu bernskuárin eru þýðingarmikið og sérstakt þroskaskeið. Þá er leikurinn lífstjáning barnsins og ríkjandi athöfn. Leikskólastarf á að byggjast á honum og hann á að vera kjarninn í leikskólastarfi.

Samkvæmt lögum um leikskóla skal meginmarkmið með uppeldi í leikskóla vera

- að veita börnum umönnun, búa þeim hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði
- að gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn leikskólakennara
- að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar
- að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna
- að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
- að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmýnd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt

Með alhliða þroska er átt við vitsmunapróska, málþroska, líkams- og hreyfiþroska, tilfinninga- og félagsþroska, fegurðarskyn og siðgæðisþroska. Þroskaþættir þessir eru samofnir og verka hver á annan. Á leikskólaaldri eiga börn auðvelt með að læra, þau eru opin, næm, móttækileg og fordómalaus og þá er grunnurinn lagður fyrir allt síðara nám og þroska. Þess vegna er starfið í leikskólum mikilvægt, bæði inntak þess og framkvæmd. Starfsfólk leikskóla eru fyrirmyndir barnanna og ábyrgð þess því mikil.

Það afl, sem börn í hóp geta myndað, þarf að virkja og nýta í starfi leikskóla. Í hópi jafnaldra fá börnin eðlileg tækifæri til að láta til sín taka, eiga frumkvæði, leika sér og starfa og deila gleði með öðrum. Öll börn hafa þörf fyrir að vinna sigra, hvort sem þau eiga við fötlun, hömlun, tilfinningalega erfiðleika eða veikindi að stríða. Skapa þarf skilyrði í leikskólanum til þess að hverju barni líði þar vel. Þar á að ríkja glaðværð og góður starfsandi fyrir alla.





Undirstaða uppeldis og náms í leikskóla

Undirstaða uppeldis og náms í leikskóla er andleg og líkamleg umönnun barnanna, daglegt líf þeirra í leikskólanum og almenn lífsleikni. Félagsfærni, vellíðan og raunveruleg lífsleikni manneskjunnar byggist að verulegu leyti á tilfinningagreind hennar. Því er mikilvægt að hlúa sérstaklega að þeim þætti í alhlíða þroska barnsins. Grundvöllur fyrir lífsleikni er hæfni til samskipta og að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi.

Leikurinn

Leikurinn í fjölbreytileik sínum er kjarninn í leikskólastarfi. Leikur og skapandi starf er þýðingarmikið afl fyrir þroska barnsins. Segja má að í bernsku sé það að leika sér sama og að afla sér þekkingar. Þroski, þekking og leikni er árangur af stöðugri samvirkni milli barns og umhverfis, þ.e. af virkni barnsins í leik og starfi, félagslegum tengslum og samskiptum, spurningum, tilraunum, rannsóknum, upplifunum og reynslu.



Samofin námssvið í leikskóla



Heilsa og hreyfing

Í leikskóla er mikilvægt að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi. Öll hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan og orku. Hreyfing og hreyfileikir hjálpa börnunum oft að velja, hafna og þora. Í hreyfileikjum öðlast börn jákvæða afstöðu til líkamsæfinga og fá skilning á líkama sínum, styrk hans og getu.

Mál og málörvun

Móðurmálið er grundvallarþáttur í öllu skólasterfi og fátt er mikilvægara en að efla tungu okkar. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því að erfitt er að aðgreina mál og málörvun frá öðrum þáttum. Í leikskólasterfi er nauðsynlegt að skapa margháttuð tækifæri til þess að auka orðaforða barnsins og efla hugtakaskilning þess. Góð skilyrði fyrir auknum málþroska barna er uppeldisumhverfi þar sem ríkir skilningur og áhugi á börnum.

Myndsköpun og myndmál

Í leikskóla skal veita börnum fjölbreytileg tækifæri til að þroska skapandi og túlkandi hæfileika sína með tjáningu í myndum, litum, formi og margs konar mótanlegum efnum. Þau æfast í að samhæfa auga og hönd og læra smám saman að nota einföld tæki og verkfæri. Þau njóta þess að skapa eitthvað sjálf og sjá hverju þau fá áorkað.

Tónlist og tónlistariðkun

Á leikskólaaldri eru börn næm fyrir tónlist og þá er grunnur að tónlistarþroska þeirra lagður. Í leikskóla á að veita ríkuleg tækifæri til tónlistarupplifunar og tónlistariðkunar. Heppilegt er að tónlistariðkun barna sé tvenns konar. Annars vegar sjálfsprottin og óformleg en hins vegar skipulögð og formleg. Undirstöðufærni, sem börn ættu að þroska með sér, er fólgin í að hlusta á tónlist, læra að skynja og skilja frum- og túlkunarþætti hennar og iðka í söng, hljóðfærleik og hreyfingu.

Náttúran og umhverfið

Kynni barnsins af náttúrunni eru þýðingarmikil fyrir þroska þess. Til þess að barnið kynnist náttúrunni þarf það fyrst og fremst að upplifa hana af eigin raun og njóta hennar. Í leikskólasterfi ber ekki síst að leggja grundvöll að siðgæðisviðhorfi barna til allra lífandi vera, manna, dýra og plantna, til lands, lofts, vatns og sjávar. Þar skal stuðlað að því að börn geti unað og lifað í framtíðinni í sátt við lífríkið og land sitt.






Menning og samfélag

Leikskóli er ekki einangrað fyrirbæri, hvorki í skólakerfinu né í samfélaginu. Hann er hluti af skólasamfélaginu, borginni, bæjar- eða sveitarfélaginu og hverfinu sem hann er í. Börnin þurfa að kynnst samfélaginu á sem eðlilegastan hátt og vera í lifandi tengslum við nánasta umhverfi sitt og menningu þess. Íslendingar eru þátttakendur í fjölbreytilegu samfélagi þjóða. Áhugi barna á öðrum þjóðum

vaknar snemma og ber að efla þann áhuga. Þau þurfa að læra að hver þjóð hefur sín sérkenni og sína sérstæðu menningu sem ber að meta og virða. Í leikskóla ber að leggja grunn að virðingu barna fyrir sjálfum sér og öðrum mönnum, konum sem körlum, ungum sem öldnum, uppruna, litarhætti, skoðunum, trúarbrögðum og menningu.



Skólanámskrárgerð

Til þess að tryggja ofangreindum þáttum veglegan sess í leikskólastarfi ber sérhverjum leikskóla að semja skólanámskrá og gera uppeldis- og námsáætlanir til lengri eða skemmi tíma. Skólanámskrá er stefnuskrá leikskóla og á að sýna hvernig hann hyggst vinna að þeim uppeldismarkmiðum sem aðalnámskrá leikskóla setur honum.

Mat á leikskólastarfi

Til að ná sem mestum árangri í leikskólastarfi, tryggja gæði þess og gefa skilmerkilegar upplýsingar um það er nauðsynlegt að fram fari skipulegt heildarmat á starfseminni.

Samstarf heimila og skóla

Eitt af meginmarkmiðum í starfi leikskóla er að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins. Foreldrar þekkja barnið sitt best, þ.e.a.s. innan vébanda heimilisins og fjölskyldunnar. Þeir hafa þekkt barnið frá fæðingu, þroskaferil þess og líðan. Leikskólakennari kynnist barninu í leikskólastarfi og þekkir þroskaferil þess, færni og viðbrögð innan starfsramma leikskólans. Með öflugri miðlun upplýsinga getur starf í leikskóla lagt drjúgan skerf til að styrkja barnafjölskyldur.





Menntamálaráðuneytið : smárit 2.

Mars 1999.

Útgefandi:

Menntamálaráðuneytið

Sölvhólsgötu 4

150 Reykjavík

Sími: 560 9500

Bréfasími: 562 3068

Netfang: postur@mrn.stjr.is

Veffang: www.mrn.stjr.is

Hönnun: Íslenska auglýsingastofan

Ljósmyndun: Guðmundur Ingólfsson

Litgreining: Offsetþjónustan

Prentun: Grafík

©1999 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-15-8

